

Fimmtudagurinn 19. febrúar 1997 kl. 10:00

90. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 3/1997

**Kvörtun Gunnars Smára Egilssonar yfir úthlutunum
úr Launasjóði rithöfunda**

I.

Málavextir

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 11. desember 1996, frá Gunnari Smára Egilssyni þar sem hann kvartar yfir úthlutunum úr Launasjóði rithöfunda. Í erindinu kemur m.a. fram að Launasjóður rithöfunda starfi samkvæmt lögum nr. 35/1991 og reglugerð nr. 50/1992. Sjóðurinn veiti rithöfundum starfslaun sem miðist við lektorslaun II við Háskóla Íslands og greiðist launin til þeirra mánaðarlega.

Í erindinu kemur jafnframt fram að frá setningu laga um listamannalaun hafi fimm sinnum verið úthlutað úr Launasjóði rithöfunda og hafi sjö höfundar fengið full árslaun öll fimm árin. Ríkið hafi þannig tryggt sumum rithöfundum tekjur sem jafngildi metsölu á meðan aðrir höfundar hafi engra styrkja notið.

Í ljósi ofangreinds óskar Gunnar Smári eftir að Samkeppnisstofnun kanni hvort lög um listamannalaun og framkvæmd þeirra stangist ekki á við anda samkeppnislaga. Hið opinbera sé með listamannalaunum að mismuna höfundum freklega og beina þróun íslenskra bókmennta í ákveðinn farveg. Það veki einnig furðu hans að þeir höfundar sem einna mest hafi selt á jólabókamarkaði skuli skipa sér í flokk þeirra sem hæstra styrkja njóta. Ef hlutverk sjóðsins sé að skapa sem flestum rithöfundum grundvöll til að helga sig óskiptir listsköpun sinni ætti hann ekki að styrkja þá sem hafi selt ritverk sín það vel að höfundarlaun af þeim ættu að skapa þeim slíkan grundvöll.

II. Lagaumhverfi

Markmið samkeppnislaga nr. 8/1993 er að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Samkvæmt 1. gr. laganna skal markmiði þessu náð með því að:

- a. vinna gegn óhæfilegum hindrunum og takmörkunum á frelsi í atvinnurekstri,
- b. vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum,
- c. auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum.

Í 2. gr. segir: „Lögin taka til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum.“

Í lögum nr. 35/1991 um listamannalaun kemur fram að Alþingi veiti árlega fé á fjárlögum til að launa listamenn í samræmi við ákvæði þeirra laga.

4. gr. laganna er svohljóðandi: „Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þeir sem taka starfslaun hverju sinni skulu vera á launaskrá hjá stjórn listamannalauna og greiðast laun til þeirra mánaðarlega. Þeir skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur þá launagreiðandi skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Þeir skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir njóta starfslauna og skila skýrslu um störf sín. Fella má niður starfslaun sem veitt hafa verið til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.“

Í 10. gr. laganna segir: „Starfslaun skulu veitt til hálfes eða eins árs, til þriggja eða fimm ára. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.“

Í 1. gr. reglugerðar nr. 50/1992 um listamannalaun, sem gefin er út á grundvelli laga nr. 35/1991 um listamannalaun, kemur fram að hlutverk Launasjóðs

rithöfunda sé að veita almenn listamannalaun. Við ákvörðun framlaga úr sjóðnum skuli miðað við að þau verði til þess að stuðla að eflingu listsköpunar í landinu og skapa listamönnum, sem starfslaun fá, grundvöll til þess að geta helgað sig óskiptir listsköpun sinni. Að öðru leyti er reglugerðin efnislega samhljóða lögum um listamannalaun.

III. Niðurstaða

1.

Gildissvið samkeppnislaga kemur fram í 2. gr. samkeppnislaga og samkvæmt 1. mgr. hennar taka þau til hvers konar atvinnustarfsemi, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum.

Lögin taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum, sbr. 2. mgr.

Að mati samkeppnissráðs snýst mál þetta um það hvort listamannalaun sem greidd eru á grundvelli laga nr. 35/1991 falli undir 1. eða 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga og þar með hvort listamannalaun falli innan eða utan gildissviðs samkeppnislaga.

2.

Þar sem rithöfundar selja ritsmíð sín gegn endurgjaldi teljast störf þeirra vera atvinnustarfsemi og falla þar af leiðandi undir samkeppnislög. Á þetta m.a. við um samninga rithöfunda við útgefendur sína.

Tímabundin greiðsla Launasjóðs rithöfunda til höfunda felur ekki í sér endursölu þeirra á ákveðnum ritverkum heldur er um að ræða styrk eða laun án ákveðins endurgjalds í formi þjónustu eða réttinda. Þar með má draga þá ályktun að umrædd listamannalaun falli ekki undir ákvæði samkeppnislaga. Eftirfarandi styður enn frekar þá ályktun:

3.

Í lögum nr. 35/1991 um listamannalaun og reglugerð nr. 50/1992 um sama efni er almennt talað um „laun“ til listamanna og er þar m.a. átt við rithöfunda. Launin eru miðuð við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Í greinargerð með lögunum segir jafnframt að starfslaun verði nú miðuð við lektorslaun II við HÍ, „þ.e. launaflokk 146, 5. þrep samkvæmt

launatöflu BHMR nr. 525, í staðinn fyrir laun framhaldskólakennara í launaflokki 142,5. Þrep samkvæmt launatöflu BHMR nr. 505. Hækka því mánaðarlaunin úr 70.950 kr. í 77.922 kr. samkvæmt kjarasamningi BHMR og fjármálaráðherra frá 27. apríl 1989.“

Listamannalaunin eru samkvæmt ofangreindu beintengd við kjarasamninga BHMR og fylgja þeim að því er lektorslaun II við HÍ varðar.

4.

Samkvæmt 4. gr. laga um listamannalaun skal þeim sem fá starfslaun gefinn kostur á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda og stendur launagreiðandi þá skil á iðgjaldshluta þeirra ásamt mótframlagi sínu. Þeir skulu ekki gegna öðru föstu starfi meðan þeir fá starfslaun og eiga þeir að skila skýrslu um störf sín. Starfslaun skulu veitt til lengri tíma í senn eða til hálfis árs, eins árs, þriggja ára eða fimm ára, sbr. 10. gr. laga um listamannalaun.

Þau atriði sem hér eru tilgreind, þ.e. að þeim sem fá starfslaun sé boðið að greiða í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, þeim sé ekki heimilt að gegna öðru föstu starfi á meðan þeir fái starfslaun og þiggi laun í a.m.k. hálfu ár, styður það enn frekar að hér sér um að ræða „laun“ í skilningi 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga.

Ef líta ætti á rithöfundalaun sem styrk í hefðbundinni merkingu þess orðs ætti fæst af ofangreindu við, þ.e. rithöfundinum byðist ekki að greiða í Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda, styrkveitingin hefði lítil eða engin áhrif á önnur störf sem hann gegndi og styrkurinn væri greiddur í einu lagi en ekki til eins mánaðar í senn í tiltekinn tíma.

5.

Að teknu tilliti til alls ofangreinds er það mat samkeppnisráðs að starfsmannalaun launasjóðs rithöfunda falli utan gildissviðs samkeppnislaga sbr. 2. mgr. 2. gr. samkeppnislaga.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Erindi Gunnars Smára Egilssonar er vísað frá.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 6/1997](#)]